

Þjónustukönnun

Haustönn 2019

Þjónustukönnun var lögð fyrir nemendur skólans í nóvember. Könnunin var að hluta til byggð á síðustu könnun sem framkvæmd var árið 2014. Ákveðið var að skipta þeirri könnun í tvennt og leggja fyrir tvær kannanir á skólaárinu þannig að spurningar yrðu ekki of margar í einu. Að þessu sinni var spurt um náms- og starfsráðgjöf, umsjónarkerfi, mótuneyti og heimanámsaðstoð (Setrið) en stefnt er að því að aðrir þættir s.s. bókasafn, stjórnsýsla og bílastæði verði teknir fyrir í þjónustukönnun næstu annar.

Könnunin var framkvæmd í INNU og var lögð fyrir í tvöföldum tíma í C-stokki (kl. 10:40-12:30) miðvikudaginn 6. nóvember. Hún var lögð fyrir alla nemendur sem þá voru staddir í kennslustund auk þess sem reynt var að fá nemendur á göngum og bókasafni að vera með. Kennarar voru hvattir til að gefa nemendum 5 mínútur í upphafi kennslustundar til að svara og til áréttingar kallaði skólameistari í kallkerfi skólans þegar tíminn var hafinn og þá tóku margir við sér. Alls svöruðu 273 nemendur könnuninni en á þessum tíma áttu að vera 455 nemendur í tímum (eftir að tekið er tillit til tíma sem féllu niður vegna veikinda kennara eða þessháttar) þannig að svarhlutfall var 60%. Miðað við frásagnir kennara þá svöruðu nær allir nemendur sem voru í kennslustund þannig að 60% er fremur viðveruhlutfall en svarhlutfall og svörun í könnuninni líkast til all nokkuð hærri. Lausleg athugun á viðveru í fimm mismunandi áföngum í C-stokki (völdum af handahófi) þennan dag styður þetta því það kom í ljós að hún var frá 50 – 71% og ef þeir áfangarnir voru teknir saman var viðveran 64%. Að þessu sögðu má leiða að því líkum að þátttakan hafi verið mjög vel viðunandi og gefi góða mynd af skoðunum virkra nemenda.

Tvær opnar spurningar voru í könnuninni þar sem nemendur voru beðnir um að koma með athugasemdir við náms- og starfsráðgjöf annars vegar og af umsjónarkerfi skólans hins vegar. Um 20% nýtti sér þennan möguleika en þegar búið er að taka frá þau svör sem voru bara „Nei“ eða „Hef ekkert að segja“ var svarhlutfall innan við 10%.

Hér á eftir fara helstu niðurstöður.

Náms- og starfsráðgjöf.

Við skólann eru starfandi þrír námsráðgjafar í tveimur og hálfu stöðugildi. Hægt er að panta tíma hjá þeim í gegnum INNU og eins er hægt að mæta í opna tíma sem eru daglega.

Fyrsta spurningin var um staðsetningu námsráðgjafa. Af 273 nemendum sögðust 222 rata til námsráðgjafa sem er vel ásættanlegt en minnir þó á að stöðugt þarf að auglýsa starfsemi þeirra og staðsetningu meðal nýrra nemenda.



Í næstu spurningu kom í ljós að 63% prósent nemenda hafði leitað til náms- og starfsráðgjafa



Þá var spurt um samskipti nemenda við náms- og starfsráðgjafa. Hér eru aðeins teknir þeir sem hafa verið í slíkum samskiptum og þeir eru upp til hópa ánægðir. Þó eru 13% frekar eða mjög óánægðir sem gefur vísbendingu um að þessi atriði þurfi að skoða nánar.



Í spurningu um hvort nemendur væru ánægðir með þá aðstoð sem þeir höfðu fengið hjá náms- og starfsráðgjöfum kom í ljós að 87% voru nokkuð ánægðir eða mjög ánægðir en aftur eru 13% minna sáttir, nokkuð sem þarf að huga að í framhaldinu.



Náms- og starfsráðgjafar hafa áhuga á að starfa meira að fræðslumálum meðal nemenda og því var spurt um áhuga fyrir slíku fræðsluefni.



Hér á eftir fer síðan val þeirra sem vildu mæta á stutt námskeið eða örfyrirlestra. Hér var hægt að velja fleiri en einn valkost enda svörin 304 frá þeim 148 sem sögðust vilja mæta á slíkan viðburð. Tímastjórnun stendur upp úr og einnig er mikill áhugi fyrir prófkviðanámskeiði.




Nemendum bauðst síðan að segja álit sitt á náms- og starfsráðgjöf í opinni spurningu. Það voru 24 nemendur sem skrifuðu nokkur orð og skiptust svörin í tvo flokka:

- Náms- og starfsráðgjafar eru aldrei við/erfitt að finna þær.
- Náms- og starfsráðgjafar eru frábærir/ hafa hjálpað mér mikið.


Aðrar athugasemdir dreifðust víða og allar athugasemdir hafa verið sendar náms- og starfsráðgjöfunum sem munu ræða þær og grípa til aðgerða þar sem hægt er .

Umsjónarkerfið

Fyrst var spurt hvort nemendur vissu hver væri umsjónarkennari þeirra. Í heildina eru það 73% sem svara því játandi en þar með líka heil 27% sem ekki vita það eða vilja að minnsta kosti ekki svara því.




Ef þessi spurning er skoðuð út frá aldri þá kemur þó í ljós yngstu nemendurnir eru með umsjónarkennarann á hreinu; 95% þeirra vita hver hann er:



Þessu bera að fagna og líklegasta ástæða þessa er sú að í ár voru gerðar umfangsmiklar breytingar á umsjónarkerfi skólans þar sem aukinn kraftur var settur í að hafa umsjón með nemendum sem eru á sínu fyrsta ári í framhaldsskóla. Þessir nemendur hitta umsjónarkennara sinn hóptímum vikulega og eru að auki saman í lífsleiknitímum.


Næstu spurningu: Hefur umsjónarkennarinn kallað þig í viðtal má því segja að sé fremur beint til eldri nemenda sem ekki hitta umsjónarkennara í hóptímum. Í ljós kemur að aðeins höfðu 38% nemenda verið kölluð í viðtal hjá umsjónarkennara. Þessi spurning er reyndar e.t.v. ekki alveg rétt orðuð; réttara hefði verið að spyrja hvort umsjónarkennari hafi haft samband því margir umsjónarkennara hringja í nemendur eða senda þeim skilaboð í gegnum INNU. Ef ekkert er að og nemendur mæta í flestar kennslustundir og velja á réttum tíma er kannski ekki sérstök ástæða til að kalla þá í viðtal.



Spurt var hvort nemendur hefðu leitað eftir aðstoð umsjónarkennara og 37% svöruðu því játandi.



Þegar svörin eru síðan skoðuð eftir aldri kemur í ljós mikil dreifing og ekkert sérstakt sem vekur athygli nema helst hvað fáir úr hópum 18-20 ára og 21-25 ára nemenda hafa leitað slíkrar aðstoðar.



Af þeim sem höfðu leitað eftir aðstoð umsjónarkennara eru langflestir mjög eða nokkuð ánægðir með veitta aðstoð eða 94% samtals.



Spurðir um ánægju með samskiptin almennt er talan miklu lægri eða 60%. Hér eru hinsvegar 35% sem ekki svara því, sem er ef til vill vegna þess að samskiptin hafa verið lítil eða engin.



Þegar búið er að taka út þá sem ekki vilja svara spurningunni um samskipti við umsjónarkennara er myndin allt önnur og þá eru 92% mjög eða nokkuð ánægð með samskiptin.




Loks gafst nemendum kostur á að tjá sig um umsjónarkerfið í opinni spurningu. 21 nemandi nýtti sér þann valkost. Algengasta athugasemdin var sú að hlutverk umsjónarkennara væri ekki ljóst og að nauðsynlegt væri að halda fundi þar sem umsjónarkennari hitti nemendur sína að minnsta kosti einu sinni á önn.


Mötuneytið

Mötuneyti skólans þjónar bæði nemendum og kennurum og er nú um stundir í höndum „Krúsku“ sem er fyrirtæki í veitingarekstri með áherslu á „heilsusamlegan mat, eldaðan með ást og umhyggju“ eins og stendur á heimasíðu þeirra.


Fyrst var spurt um hvort nemendur hefðu keypt sér hádegismat og það var rétt rúmlega helmingur sem það hafði gert eða 52%



Mötuneytið selur líka samlokur og drykki og þessháttar og þegar spurt var hvort nemendur hefðu keypt sér annað en hádegismat kom í ljós að 79% höfðu nýtt sér það.



Spurð um ánægju nemenda með úrvalið skiptust nemendur í tvo nokkuð jafna hópa: 52% voru mjög eða nokkuð ánægð um leið og 48% voru frekar eða mjög óánægð.



Mötuneytisspurningunum lauk með spurningu um ánægju nemenda með viðmót starfsfólksins og þar eru sem betur fer flestir jákvæðir; í allt segjast 83% vera mjög eða nokkuð ánægð með starfsfólkið þ.e.a.s. viðmót þess.




Vert er að nefna að í spurningum um mötuneytið var ekki spurt um verð og þar var heldur ekki boðið upp á opnar spurningar. Ástæðan er sú að hvorki verðlagning né matseðill er í höndum skólans og erfitt að bregðast við athugasemdum um þau efni.

Setrið – námsver nemenda


Setrið – námsver nemenda hefur verið starfrækt í skólanum frá árinu 2012. Fyrstu annirnar sinntu kennarar aðstoð við nemendur og var opnunartími stuttur aðeins 2-3 tímar á dag að meðaltali. Nú fylgir opnunartíminn skólatímanum að mestu og mönnunin er aðallega í höndum eldri nemenda. Heimsóknir eru skráðar og reynt er að auglýsa Setrið meðal nýrra og eldri nemenda í upphafi hverrar annar. Þrátt fyrir það eru 24% sem ekki vita hvar það er að finna og augljóst að úr því þarf að bæta.



Þegar nemendur voru spurðir hvort þeir hefðu farið í Setrið til að læra kom í ljós að einungis 26% nemendur höfðu nýtt sér það eða 26% þeirra sem svöruðu spurningunni. Þarna eru því klárlega sóknarfæri.




Næst voru nemendur spurðir hvort þeir hefðu leitað eftir aðstoð í Setrinu. Þar voru það enn færri sem svöruðu játandi, aðeins 26 nemendur eða einungis 10% af þeim sem svöruðu spurningunni.




Af tveimur síðustu spurningum má sjá að sóknarfærin í Setrinu eru mörg. Þörf er á að auglýsa Setrið miklu betur og fjölga þeim sem nýta sér aðstöðuna þar til að læra. Líklegt er að þar með myndi þeim líka fjölga sem leituðu eftir aðstoð við nám sitt.

Ánægjulegt er hinsvegar að meðal þeirra sem á annað borð leita eftir hjálp eru flestir ánægðir með veitta aðstoð eins og sjá má á næstu mynd. Hér er hinsvegar nauðsynlegt að geta þess að það eru einungis 45 nemendur á bak við þessa mynd, aðrir höfðu greinilega ekki farið í Setrið/ ekki beðið um aðstoð.



Loks komu tvær spurningar sem flokkast sem bakgrunnsupplýsingar. Þar var spurt um aldur og þá voru flokkarnir misbreiðir eða 16 ára og yngri, 17 ára, 18-20 ára, 20-25 ára og loks 26 ára og eldri. Nemendur skiptust sem hér segir:



Að lokum var spurt um námsönn í þessum skóla og þá hvort um væri að ræða fyrstu námsönn, aðra eða hvort nemandi hefði verið fleiri en tvær annir við nám í skólanum.



Þegar gögnin að baki þessara tveggja síðustu spurningar eru skoðaðar kemur í ljós að 59 svarendur eru 16 ára eða yngri og þar með sannanlega á fyrstu námsönn en alls eru 95 svarenda fyrstu námsönn sem aftur segir okkur tæp 40% nemenda sem eru á fyrstu önn koma ekki beint úr grunnskóla.

Annað sem kom í ljós er að meðan 22% svarenda er 16 ára eða yngri og þar með klárlega nýnemar í skólanum þá er hlutfall þeirra í skólanum sem heild er um 14%. Það gefur því til kynna að þessir nemendur mæti betur en aðrir og vonandi veit á gott.

Niðurstöður úr þessari könnun eru í heildina jákvæðar. Bæði náms- og starfsráðgjöf sem og umsjónarkerfið virðast njóta trausts velflestra nemenda og ánægja er með flesta þætti þessarar þjónustu. Mötuneytið fær alls ekki slæma útreið og sérlega ánægjulegt er að ánægja ríkir með viðmót starfsfólksins þar. Setrið kemur líka vel út en þar kemur í ljós að allt of fáir nýta sér þjónustu þess; það þarf að bæta og þar eru sóknarfæri strax á næstu önn.

Nóvember 2019

Jóna Guðmundsdóttir, gæðastjóri

